



## Alþýðusamband Íslands

### **Þarf ískápur sem kostaði 100.000 fyrir ári að kosta 200.000 í dag?**

Neytendur hafa ekki farið varhluta af miklum hækkunum á verði innfluttra vara undanfarið. Í umræðunni um hvað séu eðlilegar hækkanir á innfluttum vörum er gjarna vísað til gengisbreytinga og þær notaðar til þess að réttlæta tiltekna hækkanir á vöruverði. Í þeirri umræðu gleymist hins vegar oft að það er ekki einungis gengisþróun og verðlag erlendis sem hefur áhrif á verðlag innfluttra vara, innlendir kostnaðarþættir sem ekki eru háðir gengissveiflum eru einnig hluti af vöruverðinu.

Í þessa gryfju féll Andrés Magnússon framkvæmdastjóri Samtaka verslunar- og þjónustu í viðtali á Morgunvaktinni sl. föstudag, þegar hann fullyrti að vegna þróunar á gengi krónunnar væri staðan sú að vara sem hefði kostað 100.000 krónur í fyrra, þyrfti í dag að kosta 200.000 krónur en kostaði ekki nema 140.000-150.000 krónur vegna þess að innlend verslun hefði tekið á sig mismuninn. Af orðum hans má ætla að öll verðmyndun innfluttra vara ráðist af gengi krónunnar og birgjar og smásalar hafi lækkað álagningu sína umtalsvert til þess að mæta þessum mismun.

Verð á innfluttum vörum til neytenda samanstendur annars vegar af innkaupsverði sem greitt er í erlendir mynt og á þann hluta hafa gengisbreytingar og breytingar á verði erlendis áhrif. Á innkaupsverðið leggst álagning heildsala og smásala sem stendur undir innlendum kostnaði þessara aðila vegna launa, húsnæðis, fjármagnskostnaðar og annars rekstarkostnaðar. Þessi kostnaður breytist hins vegar ekki í takt við gengi krónunnar, heldur ræðst af innlendum kostnaðarbreytingum.

Óumdeilt er að innkaupsverð innfluttra vara hefur hækkað mikið síðastliðið ár. Gengi krónunnar var ríflega 70% veikara í janúar á þessu ári en á sama tíma í fyrra og innkaupsverð innfluttra vara hefur hækkað í takt við það. Hvað varðar innlenda kostnaðarliði, þá höfðu laun í janúar hækkað um 7,5% á síðustu tólf mánuðum, greidd húsaleiga skv. vísitölu neysluverðs hækkað um 27% og almennt verðlag um ríflega 18% á sama tímabili. Þessu til viðbótar er ljóst að fjármagnskostnaður fyrirtækja hefur einnig hækkað talsvert á tímabilinu vegna hærri vaxta og veikara gengis. Þó hér sé láti ósagt hvert sé hlutfall innlendra kostnaðarþátta í vöruverði innfluttra vara, enda það æði misjafnt eftir vörum og söluaðilum, þá liggur ljóst fyrir þegar

Þessar tölur eru dregnar saman að þær gefa ekki tilefni til 100% hækkunar á vöruverði til neytenda líkt og forsvarsmaður verslunarinnar heldur fram.

Það „þurfa“ allir á hækkunum að halda í dag, en launafólk hefur axlað ábyrgð og tekið á sig miklar kjaraskerðingar á síðustu mánuðum í von um aukinn stöðugleika. Kaupmáttur launa hefur rýrnað um ríflega 9% síðastliðið ár, fjöldi fólks hefur lækkað í launum og nú síðast hefur kjarasamningsbundnum launahækkunum á almennum vinnumarkaði verið frestað. Er ekki eðlilegt við slíkar aðstæður að gerð sé krafa um að þunganum sé dreift og verslunin taki á sig auknar byrðar í formi lægri álagningar?